

Fundargerð 332. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg og í beinu streymi
Fundardagur: Þriðjudagur 16. desember 2025
Fundartími: 17:00-18:05
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 315, dags. 10.12.2025:

a) Loftsstaðir-Vestri L165512; Breytt stærð byggingarreita; Kúluhús-tjaldhýsi; Deiliskipulagsbreyting – 2510028

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Loftsstæða-Vestri L165512 í Flóahreppi. Í breytingunni felst að byggingarreitur B4 er færður til og þar verður heimilt að setja upp hús að hámarki 30 m² og gufu að hámarki 25 m².

Byggingarreitur B3 breytist í lögun og þar er heimilt að reisa 15 kúluhús sem er um 4,6 m í þvermál vestan við veginn. Austan við veginn er heimilt að setja upp þjónustuhús að hámarki 150 m².

Málinu frestað og kallað eftir uppfærðum gögnum.

Þar sem uppfærð gögn hafa ekki borist frá fundi skipulagsnefndar samþykkir sveitarstjórn Flóahrepps að fresta málinu þar til uppfærð gögn hafa borist. Málið fari þá fyrir skipulagsnefnd að nýju.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Forsæti 4 (L166337); byggingarheimild; skemma – 2511045

Móttekin var umsókn þann 19.11.2025 um byggingarheimild fyrir 240 m² skemmu á jörðinni Forsæti 4 (L166337) í Flóahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málið fái málsméðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að umsókn um byggingarheimild fyrir 240 m² skemmu á jörðinni Forsæti 4 L166337 fái málsméðferð á grundvelli 44. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Hulda Kristjánsdóttir vék af fundi undir þessum lið.

c) Eystri-Loftsstæðir L227151; Íbúðarhús og útihús; Deiliskipulag – 2411042

Lögð er fram tillaga að nýju deiliskipulagi, eftir auglýsingu, sem tekur til Eystri-Loftsstæða 6 L227151 í Flóahreppi. Í deiliskipulaginu felst að 6.395 fm

byggingarreitur er skilgreindur. Þar er heimilt að reisa íbúðarhús og tvö aukahús s.s. gróðurhús og hesthús/geymslu/skemmu. Einnig er heimilt að reisa 3 lítill útleiguhús

sem eru 35-40 fm hvert, fyrir allt að 10 gesti. Byggingarmagn á lóðinni má vera allt að 800 fm. Aðkoma er frá Villingaholtsvegi nr. 305 og verður lagður vegur að lóðinni á milli lóðanna Fornabæjar og Eystri-Loftsstaða 8. Umsagnir og athugasemdir bárust á auglýsingatíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykka framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Flóahrepps frestar afgreiðslu framlagðs deiliskipulags vegna Eystri-Loftsstaða L227151 þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um samþykki landeiganda um aðkomuveg innan Eystri-Loftsstaða L165472. Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að vinna að málinu í samráði við umsækjendur og landeigendur L165472.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Ölvisholt 4A L229601; Textabreyting vegna breyttrar notkunar brugghúss; Aðalskipulagsbreyting – 2510038

Lögð er fram tillaga óverulegrar breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 eftir grenndarkynningu. Breytingin tekur til skika Ölvisholt 4A L229601. Breytingin felur í sér breytingu á greinargerð en þar stendur að á staðnum er rekið brugghús og fyrirhugað er að hefja veitingarekstur. Eftir breytingu stendur að fyrrverandi brugghúsi verður breytt fyrir veitingasölu og gistirými. Athugasemdir bárust við grenndarkynningu og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykka viðkomandi breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 með fyrirvara um uppfærð gögn. Bílastæðin verða færð norður fyrir húsið og að gerður verður göngustígur að innkomu inni turnana. Lóðamörk verða uppfærð samkvæmt mælingu. Girt verður meðfram veginum milli húsanna. Vegur niður að frístundasvæðinu er hugsaður sem þjónustuvegur og göngustígur. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Málið verði sent Skipulagsstofnun til samþykktar áður en niðurstaða sveitarstjórnar verður kynnt.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða tillögu um óverulega breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 eftir grenndarkynningu og byggir samþykkt sveitarstjórnar á uppfærðri tillögu þar sem bílastæði hafa verið færð norður fyrir húsið og gerður göngustígur að innkomu inn í turnana. Landeigandi skal setja upp girðingu meðfram vegi á milli húsanna og vegur niður að frístundasvæði skal hugsaður sem þjónustuvegur og göngustígur. Sveitarstjórn samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi og verði sent Skipulagsstofnun til samþykktar áður en niðurstaða sveitarstjórnar verður kynnt.

Samþykkt með 5 atkvæðum

e) Ölvisholt 4A (L229601); byggingarleyfi; bjórstofa mhl 01 – breyting á notkun – 2510001

Móttekin var umsókn þann 01.10.2025 um byggingarleyfi til að breyta 967,4 m² bjórstofu í gistiheimili, með verslun og veitingar á viðskipta- og þjónustulóðinni

Ölvisholt 4A (L229601) í Flóahreppi. Athugasemdir bárust við grenndarkynningu og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja útgáfu byggingarleyfis með fyrirvarar um niðurstöðu aðalskipulagsbreytingar á svæðinu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir útgáfu byggingaleyfis, með fyrirvara um niðurstöðu og afgreiðslu vegna aðalskipulagsbreytingar á svæðinu. Byggingarleyfið nær til breytinga á 967,4 m² bjórstofu yfir í gistiheimili með verslun og veitingum á verslunar- og þjónustulóðinni Ölvisholt 4A L229601.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) Ósabakki L165463; Úr frístundalandi í landbúnaðarland; Breytt notkun lands – 2511032

Lögð er fram umsókn um breytta notkun lóðar Ósabakka L165463 í Flóahreppi. Í breytingunni felst að landbúnaðarlandi er breytt í frístundaland.

Skipulagsnefnd UTU vísar málinu til sveitarstjórnar Flóahrepps.

Sveitarstjórn Flóahrepps hafnar umsókn um breytingu á skráningu lóðar úr landbúnaðarlandi yfir í frístundaland á þeim forsendum að á lóðinni er í gildi deiliskipulag sem gerir ráð fyrir uppbyggingu á landbúnaðarlandi þ.e. íbúðarhúsi, hesthúsi/skemmu og gestahúsi. Slík uppbygging er ekki heimil á frístundalandi innan sveitarfélagsins og myndi slík breyting því kalla á aðalskipulagsbreytingu og breytingu á deiliskipulagi þar sem heimildir fyrir annarri uppbyggingu en frístundahúss myndu falla úr gildi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

g) Hjálmholt L166235; Skollahraun; Stofnun lóðar – 2510052

Lögð er fram umsókn ásamt merkjalýsingu dags. 15.10.2025, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun nýrrar landeignar. Óskað er eftir að stofna 97.798,5 fm landeign, Skollahraun, úr jörðinni Hjálmholti L166235. Aðkoma að lóðinni er um veg sem verður lagður í gegnum frístundabyggð í landi Hvítárbyggðar skv. deiliskipulagi.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við fyrirbyggjandi merkjalýsingu.

Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps geri ekki athugasemd við framlagða merkjalýsingu.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir athugasemd við fyrirbyggjandi merkjalýsingu þar sem ekki liggur fyrir undirritun og samþykki landeiganda Hvítárbyggðar L238531 um aðkomuveg að nýrri lóð í gegnum landið. Sveitarstjórn kallar eftir yfirlýsingu frá landeiganda Hvítárbyggðar L238531 um að hann gefi leyfi og sé samþykkur framkvæmdinni og aðkomu að nýrri lóð, Skollahrauni úr landi Hjálmholtis L166235. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram með landeigendum. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við framlagða merkjalýsingu að öðru leyti.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 239, dags. 03.12.2025

Lagðar fram til kynningar.

3. Samþykkt fyrir Héraðsskjalasafn Árnesinga bs. – Seinni umræða

Fyrir liggja samþykktir fyrir Héraðsskjalasafn Árnesinga bs. til síðari umræðu. Fyrri umræða fór fram 18.11.2025.

Sveitarstjórn samþykkir framlagðar samþykktir fyrir Héraðsskjalasafn Árnesinga bs. í síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Samþykkt fyrir Byggðasafn Árnesinga bs. – Seinni umræða

Fyrir liggja samþykktir fyrir Byggðasafn Árnesinga bs. til síðari umræðu. Fyrri umræða fór fram 18.11.2025.

Sveitarstjórn samþykkir framlagðar samþykktir fyrir Byggðasafn Árnesinga bs. í síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Samþykkt fyrir Listasafn Árnesinga bs. – Seinni umræða

Fyrir liggja samþykktir fyrir Listasafn Árnesinga bs. til síðari umræðu. Fyrri umræða fór fram 18.11.2025.

Sveitarstjórn samþykkir framlagðar samþykktir fyrir Listasafn Árnesinga bs. í síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Styrkbeiðni – Skólahreysti í 20 ár

Fyrir liggur styrkbeiðni frá stofnendum Skólahreystis. Skólahreysti er 20 ára og er óskað eftir styrk til að mæta kostnaði við endurnýjun á nýjum keppnisvelli fyrir Skólahreysti.

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur jákvætt í erindið en samþykkir að fresta afgreiðslu.

Sveitarstjóra falið að kalla eftir frekari upplýsingum um tilgang og ráðstöfun styrks.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Styrkbeiðni – Sýningin Future

Fyrir liggur styrkbeiðni vegna sýningarinnar Future en framleiðendur sýningarinnar eru að skipuleggja sýningar víða um land í vetur. Óskað er eftir styrk vegna húsnæðis, ferðastyrk eða annan stuðning sem gæti nýst til að halda sýninguna í Flóahreppi.

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur vel í erindið og vísar því til umfjöllunar í íþróttá- æskulýðs- og menningarnefnd.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Tilnefning fulltrúa í Farsældarráð Suðurlands

Fyrir liggur erindi frá verkefnastjóra Farsældarráðs á Suðurlandi er varðar tilnefningu Flóahrepps um fulltrúa í farsældarráðs Suðurlands. Einnig er óskað eftir að tilnefndur sé varafulltrúi. Horft er á að fulltrúar í Farsældarráði komi af velferðar- og fræðslusviðum sveitarfélaganna og gerir verkefnastjóri Farsældarráðs að tillögu sinni að tilnefna fulltrúa úr Skólalþjónustu Árnesþings bs. fyrir hönd Flóahrepps.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að tilnefna Gunnlaugu Hartmannsdóttur, deildarstjóra skólalþjónustu, sem aðalfulltrúa Flóahrepps í farsældarráði og Sigrúnu Helgadóttur, kennsluráðgjafa í skólalþjónustu, til vara.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Erindi frá Edgars Zikmanis – Fyrirspurn vegna gistileyfis í flokki II

Fyrir liggur erindi frá Edgars Zikmanis þar sem óskað er eftir því við sveitarstjórn Flóahrepps að skoða möguleika á gistileyfi í flokki II í Merkurhrauni 9 L166428 í Flóahreppi.

Sveitarstjórn Flóahrepps bendir á að ekki er heimild til að gefa út leyfi til reksturs gististaðar í flokki II – C minna gistiheimili í skilgreindri frístundabyggð í Merkurhrauni skv. gildandi deiliskipulagi og aðalskipulagi Flóahrepps. Sveitarstjórn Flóahrepps vísar ofangreindu erindi til skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins til skoðunar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Umsagnarbeiðni frá Sýslumanni vegna reksturs gististaðar í flokki II

Fyrir liggur umsagnarbeiðni frá Sýslumanni um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II – C Minna gistiheimili í Merkurhrauni 9 í Flóahreppi.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir athugasemdir við framlagða umsókn um rekstur gististaðar í flokki II - C minna gistiheimili í Merkurhrauni 9 í Flóahreppi þar sem slíkur rekstur samræmist ekki gildandi deiliskipulagi innan frístundabyggðar í Merkurhrauni.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Endurnýjun málalykils fyrir Flóahrepp

Fyrir liggur að málalykill fyrir Flóahrepp rennur út um áramót. Í tengslum við endurnýjun málalykils þarf sveitarfélagið að skoða hvort breytinga er þörf og einnig hvort fara í eigi í rafræn skil á gögnum til Héraðsskjalasafns Árnesinga.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna að endurskoðun málalykils fyrir sveitarfélagið í samráði við starfsmenn Héraðsskjalasafns Árnesinga. Sveitarstjórn samþykkir að rafræn skil á göngum verði undirbúin og innleidd á árinu 2026.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

12. Fundargerðir

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 331, dags. 02.12.2025

b) Fræðslunefndar nr. 162, dags. 25.11.2025

Varðandi lið 3 um skólastefnu Flóahrepps þá tekur sveitarstjórn vel í að huga að endurskoðun skólastefnunnar og lýsir yfir ánægju með að stjórnendur Flóaskóla ætli sér að rýna skólastefnuna á vorönn. Sveitarstjórn felur leikskólastjóra Krakkaborgar að fara í sambærilega vinnu innan leikskólans.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Faghóps í ferðamálum dags. 26.11.2025

d) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 250, dags. 02.12.2025

e) Fundargerðar vegna Hringveggar (1) um Ölfisá – eftirlit og ráðgjöf nr. 1, dags. 28.11.2025

f) Stjórnar SASS nr. 631, dags. 05.12.2025

Tekinn er sérstaklega fyrir liður 4 í fundargerð stjórnar Samtaka Sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) frá 5. desember 2025 vegna breytinga á umgjörð og rekstri Sorpstöðvar Suðurlands (SOS) sem þarfnast aðkomu SASS.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrir sitt leyti aðkomu SASS að verkefninu í samræmi við fyrirliggjandi ályktanir aðalfundar SOS og fyrirliggjandi samningsdrög.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

g) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 990, dags. 05.12.2025

13. Efni til kynningar

a) Umsögn Flóahrepps um 175. mál – Innleiðing landsbyggðarmats í stefnumótun og lagasetningu stjórnvalda

b) Stafrænt samstarf 2026

Áætlað framlag Flóahrepps vegna stafræns samstarfs á árinu 2026 er 460.367 kr. Gert er ráð fyrir framlaginu undir stafrænni vegferð í nýsamþykktari fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

c) Frá Sýslumanninum á Suðurlandi – Rekstrarleyfi í Villingaholti 2

d) Tilkynning um útsvar í Flóahreppi 2026

e) Frá Jafnréttisstofu – Skýrsla um umönnunarbíl og þjónustu sveitarfélaga

f) Frá Markaðsstofu Suðurlands – Mannamót Markaðsstofanna 15.01.2025

g) Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna borunar og prófunar tilraunaholu við Kaldárhöfða

h) Frá Skipulagsstofnun – Ákvörðun um matsskyldu í máli nr. 1443/2025 - Aukin efnistaka í Súluholti og Súluholtshjáleigu

- i) Frá Skipulagsstofnun – Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu í máli nr. 1437/2025 – Framleiðsluaukning Orkugerðarinnar
- j) Sveitarstjórn samþykkir að fella niður sveitarstjórnarfund 6. janúar. Næsti fundur sveitarstjórnar verður 20. janúar kl. 17:00.

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)